

Smitvörnir og blóðgjöf

BLÓÐGJAFAR BERA ÁBYRGÐ

Vinsamlegast
láttu vita ef
eitthvað kemur
í ljós varðandi
heilsufar þitt sem
gæti gert fyrri
blóðgjafir þínar
ónothæfar fyrir
sjúkling

Vinsamlega
lesið
eftirfarandi
upplýsingar
af nákvæmni
við hverja
komu

Ef eitthvað er
óljóst fáðu nánari
upplýsingar hjá
hjúkrunarfræðingi
eða lækni
Blóðbankans



BLÓÐBANKINN

Snorrabraut 60 S. 543 5500
Akureyri S. 824 2423

www.blodbankinn.is

EKKI GEFA BLÓÐ EF:

1. Þú hefur fengið vefjaígræðslu:
 - a. úr dýri
 - b. úr mönnum: hornhimnu, heila-himnu eða heiladingulshormón (t.d. vaxtarhormón).
2. Þú hefur heyrt um Creutzfeldt-Jakob eða aðra smitandi heilahrörnunarsjúkdóma í nánustu fjölskyldu.
3. Þú hefur smitast eða gætir hafa smitast af HIV, HTLV eða lífrabólguveiru B eða C.
4. Þú hefur einhvern tímann á ævinni sprautað þig í æð eða vöðva með fíkniefnum, vefaukandi sterum, hormónum eða öðrum lyfjum án fyrirsmæla læknis, jafnvel aðeins einu sinni.
5. Þú ert karlmaður og hefur haft samfarir við sama kyn.
6. Þú hefur einhvern tímann stundað vændi.
7. Þú hefur fengið einhvern af eftirfarandi smitsjúkdómum: Chagas, Babesiosis eða Kala-Azar.

Þú getur hætt við blóðgjöf hvenær sem er án þess að gefa skýringu.

FRESTA ÞARF BLÓÐGJÖF Í MINNST 12 MÁNUÐI EF:

- Þú hefur haft mök við einstakling sem er smitaður af HIV, HTLV eða lífrabólgu B eða C.
- Þú hefur haft mök við einstakling sem hefur einhvern tímann:
 - a. stundað vændi
 - b. sprautað sig með fíkniefnum, vefaukandi sterum, hormónum eða öðrum lyfjum án fyrirsmæla læknis, jafnvel aðeins einu sinni.
- Þú ert kona sem hefur haft samfarir við karlmann sem hefur haft samfarir við sama kyn.
- Þér hefur verið nauðgað.

FRESTA ÞARF BLÓÐGJÖF Í MINNST 6 MÁNUÐI EF ÞÚ HEFUR:

- Deilt heimili með einstaklingi sem er smitaður af lífrabólguveiru B.
- Verið í speglun með sveigjanlegum tækjum t.d. maga- eða ristilspeglun.
- Fengið húðflúr, skartgripagötun eða aðrar stungur í húð t.d. förðun/rafháreyðingu.
- Verið í nálastungumeðferð hjá öðrum en lækni, hjúkrunarfræðingi, ljósmóður eða sjúkrabjálfa.
- Stungið þig á notaðri nál (stunguslys) eða fengið á þig líkamsvessa.
- Fengið blóð eða vefjaígræðslu frá mönnum, aðra en heila-/hornhimnu eða heiladingulshormón.

HAFA BER Í HUGA:

- Við hverja blóðgjöf eru tekin blóðsýni sem eru rannsökuð með tilliti til HIV og lífrabólguveiru B og C.
- Ekki er öruggt að merki um smit finnist þó að blóðgjafi sé sýktur. Þess vegna þurfa heilsufarsspurningar og svör við þeim að vera mjög ítarleg.
- Ef merki um smit kemur í ljós er haft samband við blóðgjafann, hann tekinn af skrá og blóðinu fargað.
- Gefðu ekki blóð í þeim tilgangi að fá rannsókn á hugsanlegu lífrabólgu- eða HIV-smiti. Leitaðu þá til heilsugæslu eða göngudeildar smitsjúkdóma á Landspítala.

Þeir teljast til áhættuhópa sem vegna hegðunar sinnar, athafna eða kynlífs er hætt við að fá alvarlega smitsjúkdóma sem geta borist með blóði.